

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 595/2009

2012/EES/67/25

frá 18. júní 2009

um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, frjáls för fólks, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar skulu tryggðir. Í þeim tilgangi er heildargerðarviðurkenningarferfi Bandalagsins fyrir vélknúin ökutæki til staðar. Tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar skulu því samræmdar til að koma í veg fyrir að samþykktar verði mismunandi kröfur frá einu aðildarríki til annars og til að tryggja öfluga umhverfisvernd.

2) Þessi reglugerð er ný sérreglugerð um gerðarviðurkenningaraðferð Bandalagsins í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ⁽³⁾. Því ber að breyta IV., VI. og XI. viðauka við tilskipunina til samræmis við það.

3) Að beiðni Evrópuþingsins hefur ný aðferð, sem felur í sér reglusetningu, verið innleidd í ökutækjalöggjöf Bandalagsins. Með þessari reglugerð eru því sett grundvallarákvæði um losun frá ökutækjum með útblæstri en tækniforskriftir verða settar með framkvæmdaráðstöfunum, sem samþykktar eru með málsmeðferð í nefndum.

4) Sjötta aðgerðaáætlunin á sviði umhverfismála, sem samþykkt var með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002 ⁽⁴⁾, kveður á um nauðsyn þess að draga úr mengun að því marki að skaðleg áhrif á heilbrigði manna, þar sem sérstakur gaumur er gefinn þeim hópum sem eru viðkvæmir, og á umhverfið í heild verði í lágmarki. Með löggjöf Bandalagsins hefur verið komið á viðeigandi stöðlum fyrir gæði andrúmslofts til verndar heilsu manna, einkum viðkvæmra einstaklinga, sem og landsbundnum efri losunarmörkum. Í kjölfar orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 4. maí 2001 sem kom á fót áætluninni „Hreint loft í Evrópu (CAFE)“, samþykkti hún aðra orðsendingu þann 21. september 2005 undir yfirskriftinni „Þemaáætlun um loftmengun“. Ein niðurstaða

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 2.8.2012, bls. 22.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 211, 19.8.2008, bls. 12.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 16. desember 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 8. júní 2009.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.

áætlunarinnar er sú að draga þurfi enn frekar úr losun í flutningageiranum (flutningar í lofti, á sjó og á landi), frá heimilum og orkugeiranum, landbúnaði og iðnaði til að ná markmiðum ESB um loftgæði. Í þessu sambandi skal líta á minnkun losunar frá ökutækjum sem hluta af heildaráætlun. Euro VI staðlarnir eru ein af ráðstöfununum sem ætlað er að draga úr raunverulegri losun loftmengunarefna við notkun eins og mengandi efnisagna og forefna ósons eins og köfnunarefnisoxíðs (NO_x) og vetniskolefna.

- 5) Til að ná markmiðum ESB um loftgæði þarf áframhaldandi átak til að draga úr losun frá ökutækjum. Þess vegna skal veita iðnaðinum skýrar upplýsingar um framtíðarviðmiðunarmörk fyrir losun og gefa honum viðeigandi tíma til að ná þeim og vinna að nauðsynlegri tækniþróun.
- 6) Einkum er nauðsynlegt að draga úr losun köfnunarefnisoxíða frá þungum ökutækjum til að auka loftgæði og til að losun verði í samræmi við viðmiðunarmörk fyrir mengun og landsbundin losunarmörk. Ef viðmiðunarmörk fyrir losun á köfnunarefnisoxíði eru sett snemma ætti það að skapa vissu til langs tíma innan Evrópusambandsins í áætlanagerð fyrir framleiðendur ökutækja.
- 7) Þegar settir eru staðlar um losun er mikilvægt að hafa í huga áhrif þeirra á samkeppnishæfni markaða og framleiðenda, beinan og óbeinan kostnað sem fyrirtæki verða fyrir og ávinninginn að því er varðar örvin nýsköpunar, bætt loftgæði, minnkandi heilbrigðis-kostnað og lengri ævi.
- 8) Ótakmarkaður aðgangur að upplýsingum um ökutækjavíðgerðir á stöðluðu formi, sem nota má til að heimta tæknilegu upplýsingarnar, og virk samkeppni á markaði að því er varðar upplýsingaþjónustu á sviði víðgerða og viðhalds ökutækja eru nauðsynleg til að bæta starfsemi innri markaðarins, einkum að því er varðar frjálsa vöruflutninga, staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu. Stór hluti þessara upplýsinga varðar innbyggð greiningarkerfi (OBD) og samspil þeirra og annarra kerfa í ökutækinu. Nauðsynlegt er að mæla fyrir um tækniforskriftir sem framleiðendur skulu fara eftir við veitingu upplýsinga á vefsetrum sínum, auk markvissra ráðstafana til að tryggja sanngjarnan aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
- 9) Eigi síðar en 7. ágúst 2013 skal framkvæmdastjórnin fara yfir það hvernig kerfið með ótakmörkuðum aðgangi að upplýsingum um víðgerðir og viðhald ökutækja virkar, með það fyrir augum að ákveða hvort rétt sé að steypa öllum ákvæðum um aðgang að upplýsingum um víðgerðir og viðhald ökutækja saman í einn texta, innan breyttrar rammalöggjafar um gerðarviturkenningu. Ef ákvæðum um aðgang að slíkum

upplýsingum er steyppt saman með þessum hætti skulu tilsvaramandi ákvæði þessarar reglugerðar felld úr gildi, enda séu gildandi réttindi til aðgangs að upplýsingum um víðgerðir og viðhald tryggð.

- 10) Framkvæmdastjórnin skal hvetja til þróunar á alþjóðlegu stöðluðu sniði fyrir ótakmarkaðan og staðlaðan aðgang að upplýsingum um víðgerðir og viðhald ökutækja, til dæmis með vinnu Evrópsku staðlasamtakanna (CEN).
- 11) Það er nauðsynlegt að koma á fót sameiginlegum Evrópustaðli fyrir snið upplýsinga frá innbyggðum greiningarkerfum í ökutækjum og upplýsinga um víðgerðir og viðhald ökutækja. Þar til sá staðall hefur verið samþykktur, skulu upplýsingar frá innbyggðum greiningarkerfum í ökutækjum og upplýsingar um viðhald og víðgerðir þungra ökutækja settar þannig fram að þær séu aðgengilegar og á sniði sem tryggir aðgang án mismununar. Upplýsingarnar skulu gerðar tiltækar á vefsetrum framleiðenda eða, ef það er ekki gerlegt vegna eðlis upplýsinganna, á öðru viðeigandi sniði.
- 12) Framkvæmdastjórnin skal fylgjast stöðugt með losun sem enn gilda engin mörk um og verður til vegna útbreiddari notkunar nýrra tegunda eldsneytis, nýrrar hreyfiltækni og nýrra mengunarnarkerfa. Framkvæmdastjórnin skal einnig, ef nauðsyn krefur, leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið í því skyni að setja mörk um slíka losun.
- 13) Rétt þykir að hvetja til innleiðingar ökutækja sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti sem geta haft litla losun köfnunarefnisoxíðs og agna. Því skal innleiða viðmiðunarmörk fyrir vetniskolefni, vetniskolefni, önnur en metan og metan.
- 14) Til að tryggja að losun á mjög fingerðum mengandi efnisögnum (0,1 µm og minni) sé takmörkuð skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykka aðferð sem miðast við fjölda mengandi efnisagna, til viðbótar aðferðinni sem nú er notuð og miðast við massa. Aðferðin, sem miðast við fjölda efnisagna, skal vera byggð á niðurstöðum agnamælingakerfis efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu og vera í samræmi við metnaðarfullu umhverfismarkmiðin, sem í gildi eru.
- 15) Til að ná fram þessum umhverfismarkmiðum þykir rétt að tilgreina að takmörkun á fjölda efnisagna endurspegli líklega bestu frammistöðu sem næst nú í agnasíum með því að nota bestu, fánlegu tækni.

- 16) Framkvæmdastjórnin skal taka upp aksturslotur sem eru samræmdar á heimsvísu í prófunaraðferðinni sem er grundvöllur reglugerða EB um gerðarviðurkenningar með tilliti til losunar. Einnig skal huga að notkun færanlegra mælikerfa fyrir losun til að sannreyna raunverulega losun við notkun og innleiðingu aðferða til að hafa eftirlit með losun utan lotu.
- 17) Ísetning dísilagnasiú í þung ökutæki eftir á gæti leitt til aukinnar losunar á köfnunarefnistvíoxíði. Sem hluta af þemaáætlun um loftmengun skal framkvæmdastjórnin því semja drög að tillögu að nýrri löggjöf til að samræma landslöggjöf um ísetningu endurbótarhluta og tryggja að hún samlagist umhverfisaðstæðum.
- 18) Innbyggð greiningarkerfi eru mikilvæg við stjórnun losunar þegar ökutækið er í notkun. Þar eð stjórnun raunverulegrar losunar er mikilvæg skal framkvæmdastjórnin sífellt endurmeta kröfurnar, sem gerðar eru til slíkra kerfa, ásamt þolþröskuldum fyrir vöktun á bilunum.
- 19) Til að fylgjast með framlagi þessa geira, í heild sinni, til hnattrænnar losunar á gróðurhúsalofttegundum, skal framkvæmdastjórnin innleiða mælingar á eldsneytisnotkun og koltvísýringslosun þungra ökutækja.
- 20) Til að efla markaðinn fyrir hrein og orkunýtin ökutæki skal framkvæmdastjórnin rannsaka hagkvæmni og þróun á skilgreiningu og aðferðafræði fyrir orkunotkun og koltvísýringslosun fullbúinna ökutækja en ekki eingöngu hreyfla, með fyrirvara um notkun sýndarprófana og raunverulegra prófana. Slík skilgreining og aðferðafræði skal einnig ná yfir annars konar drifkerfi (t.d. fjölknúin ökutæki) og áhrif endurbóta á ökutæki, t.d. hvað varðar loftaflfræði, þyngd, burðargetu og snúningsmótstöðu. Ef hægt er að finna viðeigandi aðferð við framsetningu og samanburð skal gera þá eldsneytisnotkun og koltvísýringslosun sem fæst aðgengilega öllum fyrir mismunandi ökutækjagerðir.
- 21) Til að stjórna betur raunverulegri losun við notkun, þ.m.t. losun utan lotu, og til að auðvelda prófun samræmis ökutækja í notkun, skal samþykka aðferðafræði við prófun og kröfur um frammistöðu sem byggja á notkun færanlegra mælikerfa fyrir losun innan viðeigandi tímaramma.
- 22) Í því skyni að uppfylla markmið ESB um loftgæði skal framkvæmdastjórnin taka upp samræmd ákvæði til að tryggja að losun þungra hreyfla og ökutækja utan lotu sé stjórnað á viðeigandi hátt á breiðu sviði notkunarskilyrða hreyfla og umhverfisnotkunarskilyrða.
- 23) Rétt virkni eftirmeðferðarkerfisins, einkum ef um er að ræða köfnunarefnisoxíð, er grunnkrafta fyrir uppfyllingu þeirra staðla sem komið hefur verið á fyrir losun mengandi efna. Í þessu samhengi skal innleiða ráðstafanir til að tryggja rétta virkni kerfa sem treysta á notkun hvarfmiðla.
- 24) Aðildarríkin geta, með fjárhagslegri hvatningu, flýtt fyrir markaðssetningu ökutækja sem uppfylla kröfurnar sem samþykktar hafa verið á vettvangi Bandalagsins. Ákvæði þessarar reglugerðar hafa ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að taka losun með í aðferðinni við að reikna skatta sem lagðir eru á ökutæki.
- 25) Þegar aðildarríki gera ráðstafanir til að tryggja ísetningu endurbótarhluta í þung ökutæki, skulu slíkar ráðstafanir byggðar á Euro VI stöðlunum.
- 26) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar og sjá til þess að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera skilvirki, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.
- 27) Kröfur um hreyfilafli vélknúinna ökutækja í tilskipun ráðsins 80/1269/EBE frá 16. desember 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi vélarafli vélknúinna ökutækja⁽¹⁾ skulu teknar upp í þessari reglugerð og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja⁽²⁾. Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 715/2007 til samræmis við það og fella tilskipun nr. 80/1269/EB úr gildi.
- 28) Í því skyni að einfalda löggjöf Bandalagsins þykir rétt að reglugerð komi í stað gildandi löggjafar um losun frá þungum ökutækjum, þ.e.a.s. tilskipun 2005/55/EB⁽³⁾ og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/78/EB⁽⁴⁾. Með reglugerð verður tryggt að ítarlegu, tæknilegu ákvæðin séu bindandi fyrir framleiðendur, viðurkenningaryfirvöld og tæknipjónustu og að unnt sé að uppfæra þau á skjótan og skilvirkan hátt. Því ber að fella úr gildi tilskipun 2005/55/EB og tilskipun 2005/78/EB og breyta reglugerð (EB) nr. 715/2007 til samræmis við það.

(1) Stjtið. EB L 375, 31.12.1980, bls. 46.

(2) Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1.

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/55/EB frá 28. september 2005 um samræmingu laga aðildarríkjanna um ráðstafanir sem ber að gera til að stemma stigu við losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá þjöppukveikjuhreyflum til notkunar í ökutæki og losun mengandi lofttegunda frá rafkveikjuhreyflum, knúnum með jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, sem eru ætlaðir til notkunar í ökutæki (Stjtið. ESB L 275, 20.10.2005, bls. 1).

(4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/78/EB frá 14. nóvember 2005 um framkvæmd tilskipunar 2005/55/EB og um breytingu á I., II., III., IV. og VI. viðauka við hana (Stjtið. ESB L 313, 29.11.2005, bls. 1).

29) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.

2. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um vélknúin ökutæki í flokkum M₁, M₂, N₁ og N₂, eins og skilgreint er í II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, með viðmiðunarmassa sem er meiri en 2 610 kg og um öll vélknúin ökutæki í flokkum M₃ og N₃ eins og skilgreint er í þeim viðauka.

Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007.

Að beiðni framleiðanda skal rýmka gerðarviðurkenningu fullbúins ökutækis í áföngum sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð og framkvæmdarráðstöfunum hennar svo hún taki til ófullbúna ökutækisins með viðmiðunarmassa sem er ekki meiri en 2 610 kg. Rýmka skal gerðarviðurkenningar ef framleiðandi getur sýnt fram á að allar samsettar yfirbyggingar sem gert er ráð fyrir að smíðaðar verði á ófullbúna ökutækið auki viðmiðunarmassa ökutækisins þannig að hann verði yfir 2 610 kg.

30) Einkum skal framkvæmdastjórnin hafa vald til þess að innleiða viðmiðunarmörk sem byggjast á fjölda agna í I. viðauka, til að tilgreina, ef við á, leyfilegt gildi fyrir efnisþátt köfnunarefnistvíoxíðs í viðmiðunarmörkum köfnunarefnisoxíðs, til að koma á sértækri málsmeðferð, prófunum og kröfum fyrir gerðariðurkenningu, ásamt mæliaðferð fyrir fjölda agna, og til að samþykkja ráðstafanir varðandi losun utan lotu, notkun færanlegra mælikerfa fyrir losun, aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og prófunarlotur sem notaðar eru til að mæla losun. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

31) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að innri markaðurinn verði að veruleika með setningu sameiginlegra tæknilegra krafna um losun frá ökutækjum og aðgangur sjálfstæðra rekstraraðila að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja verði hinn sami og aðgangur viðurkenndra seljenda og viðgerðarverkstæða, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

Að beiðni framleiðanda skal rýmka gerðarviðurkenningu ökutækis sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð og framkvæmdarráðstöfunum hennar svo hún taki til afbrigða og útfærslna þess með viðmiðunarmassa sem er meiri en 2 380 kg, að því tilskildu það uppfylli einnig kröfur varðandi mælingar á losun gróðurhúsalofttegunda og eldsneytisnotkun sem komið er á í reglugerð (EB) nr. 715/2007 og framkvæmdarráðstöfunum hennar.

3. gr.

Skilgreiningar

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð er komið á sameiginlegum tæknilegum kröfum fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja, hreyfla og varahluta að því er varðar losun frá þeim.

Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um reglur um samræmi ökutækja og hreyfla í notkun, endingu mengunarvarnarbúnaðar, innbyggð greiningarkerfi, mælingu á eldsneytisnotkun og koltvísýringslosun og aðgengi að innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og upplýsingum um viðhald og viðgerðir.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „hreyfill“: knúningseining ökutækis sem unnt er að gerðarviðurkenna sem aðskilda tæknieiningu samkvæmt skilgreiningu í 25. lið 3. gr. tilskipunar 2007/46/EB,
- „mengandi lofttegundir“: kolsýringur, köfnunarefnisoxíð, og vetniskolefni í útblæstri,
- „mengandi efnisagnir“: efnisþættir útblásturslofts sem eru fjarlægðir úr þynntu útblásturslofti við hitastig sem er að hámarki 325 K (52 °C) með síunum sem lýst er í prófunar- aðferðinni fyrir sannpröfun á meðallosun gegnum útblástursrör,
- „losun gegnum útblástursrör“: losun mengandi lofttegunda og efnisagna,
- „sveifarhús“: rýmið í eða fyrir utan vél, tengt olíubotnskálinni með innri eða ytri rás, sem nota má til að losa lofttegundir og gufur,

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

6. „mengunarvarnarbúnaður“: þeir hlutar ökutækis sem stjórna og/eða takmarka losun gegnum útblástursrör,
7. „innbyggt greiningarkerfi“: búnaður um borð í ökutæki eða tengt við hreyfil sem hefur þann eiginleika að geta greint bilanir og, ef við á, gefið þær til kynna með viðvörðunarkerfi, auðkennt sennilegt bilunarsvæði með bilanakóðum sem geymdir eru í tölvuminni, og miðla þeim upplýsingum utan ökutækisins,
8. „temprunaraðferð“: mengunarvarnaraðferð sem dregur úr virkni mengunarvarna við umhverfis- eða notkunarskilyrði sem koma upp við venjulega notkun ökutækisins eða utan prófunaraðferða gerðarviðurkenningar,
9. „upphaflegur mengunarvarnarbúnaður“: mengunarvarnarbúnaður eða samstæða slíks búnaðar sem fellur undir gerðarviðurkenningu ökutækisins sem um ræðir,
10. „endurnýjunarmengunarvarnarbúnaður“: mengunarvarnarbúnaður eða samstæða slíks búnaðar sem er ætlað að koma í stað upphaflegs mengunarvarnarbúnaðar og unnt er að viðurkenna sem aðskilda tæknieiningu eins og skilgreint er í 25. lið, 3. gr. tilskipunar 2007/46/EB,

11. „upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis“: allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna greininga, viðhalds, skoðunar, reglulegs eftirlits, viðgerða, endurstillinga eða endurfrumstillinga eða fjarstuðnings við greiningu ökutækisins sem framleiðendur láta viðurkenndum seljendum sínum og viðgerðarverkstæðum í té, ásamt öllum síðari breytingum á upplýsingunum og viðbótum við þær. Undir þessar upplýsingar falla allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna ísetningar íhluta eða búnaðar á ökutæki,
12. „framleiðandi“: einstaklingur eða aðili sem er ábyrgur gagnvart viðurkenningaryfirvaldinu fyrir öllum þáttum gerðarviðurkenningar- eða heimildarferlisins svo og fyrir samræmi framleiðslunnar. Einstaklingurinn eða aðilinn þarf ekki að taka beinan þátt í öllum þrepum í smíði ökutækisins, kerfisins, íhlutarins eða aðskildu tæknieiningarinnar sem háð er gerðarviðurkenningu,
13. „sjálfstæður rekstraraðili“: fyrirtæki, önnur en viðurkenndir seljendur og viðgerðarverkstæði, sem beint eða óbeint koma að viðgerðum og viðhaldi vélknúinna ökutækja, einkum viðgerðarverkstæði, framleiðendur eða dreifingaraðilar viðgerðabúnaðar, verkfæra eða varahluta, útgefendur tæknupplýsinga, bifreiðaklúbbar, vegapjónustufyrirtæki, rekstraraðilar sem annast eftirlits- og prófunarþjónustu, rekstraraðilar sem annast þjálfun þeirra sem annast uppsetningu, framleiðslu eða viðgerðir á búnaði fyrir ökutæki sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti,

14. „ökutæki, sem gengur fyrir óhefðbundnu eldsneyti“: ökutæki, sem hannað er til að geta gengið fyrir a.m.k. einni eldsneytistegund sem er annaðhvort loftkennd við lofthita og loftþrýsting eða að verulegu leyti framleidd úr annarri olíu en jarðefnaolíu,
15. „viðmiðunarmassi“: massi ökutækisins, tilbúins til aksturs, að fráðregnum föstum massa ökumannsins, 75 kg, að viðbættum 100 kg föstum massa,
16. „óheimil breyting“: óvirkjun, aðlögun eða breyting á mengunarvarnarkerfum eða knúningskerfum ökutækis, þ.m.t. allur hugbúnaður eða aðrar rökstýrieiningar þessara kerfa, sem verður til þess, hvort sem ætlunin er sú eða ekki, að mengunarvarnageta ökutækisins versnar.

Framkvæmdastjórnin getur aðlagð skilgreininguna í 7. lið fyrstu undirgreinar til að endurspeglar tækniframfarir í innbyggðum greiningarkerfum. Samþykking skal þessa ráðstöfun, sem er ætlað að breyta veigalitlem þáttum þessarar reglugerðar, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 13. gr.

4. gr.

Skyldur framleiðanda

1. Framleiðendur skulu sýna fram á að öll ný ökutæki sem eru seld, skráð eða tekin í notkun í Bandalaginu, allir nýir hreyflar sem eru seldir eða teknir í notkun í Bandalaginu og allur endurnýjunarmengunarvarnarbúnaður sem krefst gerðarviðurkenningar skv. 8. og 9. gr. sem er seldur eða tekin í notkun í Bandalaginu sé gerðarviðurkenndur í samræmi við þessa reglugerð og framkvæmdarráðstafanir hennar.

2. Framleiðendur skulu tryggja að fylgt sé gerðarviðurkenningaferli vegna staðfestingar á samræmi framleiðslu, endingu mengunarvarnarbúnaðar og samræmi ökutækja í notkun.

Tæknilegar ráðstafanir, sem framleiðandi grípur til, skulu vera þannig að tryggt sé að losun gegnum útblástursrör sé takmörkuð með skilvirkum hætti, á grundvelli þessarar reglugerðar, allan eðlilegan endingartíma ökutækisins og við eðlileg notkunarskilyrði.

Í því skyni skal akstur og tími í prófunum á endingu mengunarvarnarbúnaðar sem fram fara vegna gerðarviðurkenningar og prófunar á samræmi ökutækja eða hreyfla í notkun, vera eftirfarandi:

- a) 160 000 km eða fimm ár, hvort heldur ber fyrir að, ef um er að ræða hreyfla sem settir eru í ökutæki í flokki M₁, N₁ og M₂,

- b) 300 000 km eða sex ár, hvort heldur ber fyrir að, ef um er að ræða hreyfla sem settir eru í ökutæki í flokki N₂, N₃ með tæknilega leyfilegan hámarks massa sem er yfir 16 tonn og M₃ undirflokkum I, undirflokkum II og undirflokkum A og undirflokkum B með tæknilega leyfilegan hámarks massa sem er ekki umfram 7,5 tonn,
- c) 700 000 km eða sjö ár, hvort heldur ber fyrir að, ef um er að ræða hreyfla sem settir eru í ökutæki í flokki N₃ með tæknilega leyfilegan hámarks massa sem er yfir 16 tonn og M₃ undirflokkum III og undirflokkum B með tæknilega leyfilegan hámarks massa sem er meiri en 7,5 tonn.
3. Framkvæmdastjórnin skal koma á sértækri málsmeðferð og kröfum fyrir framkvæmd 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta þeim þáttum þessarar reglugerðar sem ekki teljast grundvallaratriði, með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 13. gr.

5. gr.

Kröfur og prófanir

1. Framleiðendur skulu tryggja samræmi við losunarmörkin sem sett eru fram í I. viðauka.
2. Framleiðendur skulu búa ökutæki og hreyfla þannig að íhlutir, sem líklegt er að hafi áhrif á losun, séu hannaðir, smíðaðir og settir saman þannig að við eðlilega notkun séu ökutækið og hreyfillinn í samræmi við þessa reglugerð og framkvæmdarráðstafanir hennar.
3. Notkun temprunaraðferða, sem draga úr virkni mengunarvarnarbúnaðar, er bönnuð.
4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir vegna framkvæmdar þessarar greinar, þ.á. m. ráðstafanir í tengslum við eftirfarandi:
- a) losun gegnum útblástursrör, þ.m.t. prófunarlotur, notkun færanlegra mælikerfa fyrir losun til að sannreyna raunverulega losun við notkun, sannreyna og takmarka losun utan lotu, að sett séu takmörk á fjölda efnisagna samhliða því að viðhalda metnaðarfullum umhverfiskröfum sem fyrir eru og losun í lausagangi,
- b) losun frá sveifarhúsi,
- c) innbyggð greiningarkerfi og starfsemi mengunarvarnarbúnaðar við notkun,
- d) endingu mengunarvarnarbúnaðar, endurnýjunarmengunarvarnarbúnað, samræmi hreyfla og ökutækja í notkun, samræmi framleiðslu og aksturshæfni,

- e) Koltvísýringslosun og eldsneytiseyðslu,
- f) rýmkun gerðarviðurkenninga,
- g) prófunarbúnað,
- h) viðmiðunareldsneyti, s.s. bensín, dísilolíu og lofkennt eldsneyti, og lífrænt eldsneyti, s.s. lífetanól, lífdísilolíu og lífgas.
- i) mælingu á hreyfilafli,
- j) rétta virkni og endurnýjun mengunarvarnarbúnaðar,
- k) sértæk ákvæði til að tryggja rétta virkni varnarráðstafana fyrir köfnunarefnisoxíð, slík ákvæði skulu tryggja að ekki sé hægt að nota ökutæki ef varnarráðstafanir fyrir köfnunarefnisoxíð eru óvirkar, t.d. vegna skorts á tilskildum hvarfmiðli, rangri útblásturshringrás eða ef slökkt er á útblásturshringrás.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því m.a. að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 13. gr.

6. gr.

Aðgangur að upplýsingum

1. Framleiðendur skulu veita óháðum rekstraraðilum óheftan og staðlaðan aðgang að upplýsingum um innbyggð greiningarkerfi, greiningarbúnaði og öðrum búnaði, verkfærum að meðtöldum viðkomandi hugbúnaði og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis.

Framleiðendur skulu veita staðlaðan, öruggan og fjartengdan búnað til að gera óháðum viðgerðarverkstæðum kleift að ljúka aðgerðum sem fela í sér aðgang að öryggiskerfi ökutækisins.

Ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu, skal framleiðandi sem er ábyrgur fyrir viðkomandi gerðarviðurkenningu einnig vera ábyrgur fyrir veitingu viðgerðarupplýsinga varðandi viðkomandi þrep til endanlegs framleiðanda og óháðra rekstraraðila. Endanlegur framleiðandi skal vera ábyrgur fyrir því að veita upplýsingar um fullbúið ökutæki til óháðra rekstraraðila.

Ákvæði 6. og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007 gilda, að breyttu breytanda.

Þar til viðkomandi staðall hefur verið samþykktur, til dæmis með starfi Evrópsku staðlasamtakanna, skulu upplýsingar um innbyggð greiningarkerfi ökutækis og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis settar fram á aðgengilegan hátt og án mismununar.

Þessar upplýsingar skulu gerðar tiltækar á vefsetrum framleiðenda eða, ef það er ekki gerlegt vegna eðlis upplýsinganna, á öðru viðeigandi sniði.

2. Framkvæmdastjórnin skal koma á og uppfæra, vegna framkvæmdar á 1. mgr., viðkomandi tækniforskriftum varðandi það hvernig veita skal upplýsingar um innbyggð greiningarkerfi ökutækis og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis. Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til núverandi upplýsingatækni, fyrirsjáanlegrar tækniþróunar ökutækja, gildandi ISO-staðla og möguleikans á hnattrænum ISO-staðli.

Framkvæmdastjórnin má samþykka aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar 1. mgr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því m.a. að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 13. gr.

7. gr.

Skyldur varðandi kerfi sem nota hvarfmiðill sem er sjálfbrotnandi

1. Framleiðendur, viðgerðarverkstæði og rekstraraðilar ökutækja skulu ekki gera óheimilar breytingar á kerfum sem nota hvarfmiðil sem er sjálfbrotnandi.

2. Rekstraraðilar ökutækja skulu tryggja að ökutækjum sé ekki ekið án hvarfmiðils sem er sjálfbrotnandi.

8. gr.

Tímaáætlun fyrir beitingu gerðarviðurkenningar á ökutækjum og hreyflum

1. Frá og með 31. desember 2012 skulu landsyfirvöld synja, af ástæðum sem varða losun, um veitingu EB-gerðarviðurkenningar eða landsbundinnar gerðarviðurkenningar fyrir nýjar tegundir ökutækja eða hreyfla sem eru ekki í samræmi við þessa reglugerð og framkvæmdarráðstafanir hennar.

Veita má tæknilegt gerðarviðurkenningarvottorð sem samsvavar losunarstigi fyrir Euro VI fyrir ökutæki og hreyfla sem ætluð eru til útflutnings til þriðja lands, að því tilskildu að á slíku vottorði komi skýrt fram að ekki megi setja viðkomandi ökutæki og hreyfla á markað í Bandalaginu.

2. Frá og með 31. desember 2013 skulu landsyfirvöld, ef um er að ræða ný ökutæki sem eru ekki í samræmi við þessa

reglugerð og framkvæmdarráðstafanir hennar, líta svo á að samræmisvottorð séu ekki lengur í gildi að því er varðar 26. gr. tilskipunar 2007/46/EB, og skulu, af ástæðum sem varða losun, banna að slík ökutæki séu skráð, seld og tekin í notkun.

Frá og með sömu dagsetningu og nema ef um er að ræða varahreyfill fyrir ökutæki í notkun, skulu landsyfirvöld banna sölu eða notkun nýrra hreyfla sem eru ekki í samræmi við þessa reglugerð og framkvæmdarráðstafanir hennar.

3. Með fyrirvara um 1. og 2. mgr. þessarar greinar, og með fyrirvara um gildistöku framkvæmdarráðstafananna sem um getur í 3. mgr. 4. gr., 4. mgr. 5. gr. og í fyrsta undirlið 2. mgr. 6. gr., er landsyfirvöldum ekki heimilt, af ástæðum sem varða losun ökutækja, að synja um veitingu EB-gerðarviðurkenningar eða landsbundinnar gerðarviðurkenningar fyrir nýja tegund ökutækis eða hreyfls, eða banna að nýtt ökutæki sé skráð, selt eða tekið í notkun og að nýir hreyflar séu seldir eða notaðir, þegar framleiðandi óskar þess, ef viðkomandi ökutæki eða hreyfill er í samræmi við þessa reglugerð og framkvæmdarráðstafanir hennar.

9. gr.

Skyldur aðildarríkja varðandi gerðarviðurkenningu varahluta

Sala eða isetning í ökutæki á nýjum endurnýjunarmengunarnararbúnaði, sem ætlaður er í ökutæki sem eru viðurkennd samkvæmt þessari reglugerð og framkvæmdarráðstöfunum hennar skal bönnuð ef hann er ekki af gerð sem gerðarviðurkenning hefur verið veitt fyrir í samræmi við þessa reglugerð og framkvæmdarráðstafanir hennar.

10. gr.

Fjárhagsleg hvatning

1. Með fyrirvara um gildistöku framkvæmdarráðstafana þessarar reglugerðar, mega aðildarríki setja ákvæði um fjárhagslega hvatningu sem gildir um raðframleidd vélknúin ökutæki sem uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar og framkvæmdarráðstafana hennar.

Þessi hvatning skal gilda um öll ný ökutæki sem sett eru á markað í hlutaðeigandi aðildarríki og eru í samræmi við þessa reglugerð og framkvæmdarráðstafanir hennar. Hins vegar skal hún falla úr gildi eigi síðar en 31. desember 2013.

2. Með fyrirvara um gildistöku framkvæmdarráðstafana þessarar reglugerðar mega aðildarríki veita fjárhagslega hvatningu fyrir isetningu endurbótarhlutar til að uppfylla viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í I. viðauka fyrir ökutæki í notkun og fyrir úreldingu ökutækja sem eru ekki í samræmi við þessa reglugerð og framkvæmdarráðstafanir hennar.

3. Um hverja gerð vélknúns ökutækis gildir að fjárhagslega hvatningin, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal ekki fara yfir viðbótarkostnað tæknibúnaðarins sem notaður er til að tryggja að losunarmörkin, sem tilgreind eru í I. viðauka, séu virt, þ.m.t. kostnaðurinn við uppsetningu á ökutækinu

4. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um fyrirhugað upphaf fjárhagslegu hvatningarinnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., eða breytingar á henni.

11. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um ákvæði um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og framkvæmdar-ráðstöfunum hennar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þessi ákvæði eigi síðar en 7. febrúar 2011 og skulu tilkynna henni, án tafar, um hvers konar breytingar sem síðar verða á þeim.

2. Brot framleiðanda, sem viðurlög gilda um, felast m.a. í því að:

- a) lagðar eru fram rangar upplýsingar meðan á viðurkenningarferlinu stendur eða í ferli sem leiðir til innköllunar,
- b) prófunarniðurstöður vegna gerðarviðurkenningar eða samræmis ökutækja í notkun eru falsaðar,
- c) að ekki séu látnin af hendi gögn eða tækniforskriftir, sem gætu valdið innköllun eða afturköllun gerðarviðurkenningar,
- d) temprunaraðferð er notuð,
- e) synjað er um aðgang að upplýsingum.

Brot framleiðenda, viðgerðarverkstæða og rekstraraðila ökutækja sem viðurlög gilda um skulu ná yfir óheimilar breytingar á kerfum sem stjórna losun köfnunarefnisoxíðs. Þetta skal til dæmis ná yfir óheimilar breytingar á kerfum sem nota hvarfmiðil sem er sjálfbrotnandi.

Brot rekstraraðila ökutækja sem viðurlög gilda um skulu ná yfir akstur ökutækis án hvarfmiðils sem er sjálfbrotnandi.

12. gr.

Endurskilgreining á forskriftum

1. Þegar vinnu við viðkomandi hluta agnamælingakerfis efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, sem fram

fer á vegum Alþjóðaráðsins um samhæfingu reglugerða um ökutæki (World Forum for Harmonisation of Vehicle Regulations), er lokið, skal framkvæmdastjórnin, án þess að draga úr umhverfisvernd í Bandalaginu:

- a) innleiða sem viðbótarmengunarvörn fyrir losun efnisagna, viðmiðunarmörk sem byggjast á fjölda agna sem sett eru við gildi sem er viðeigandi fyrir tæknina sem er raunverulega í notkun á þeim tíma til að uppfylla mörk um massa agna,
- b) samþykkja mæliaðferð fyrir fjölda agna.

Framkvæmdastjórnin skal einnig, án þess að draga úr umhverfisvernd í Bandalaginu, tilgreina viðmiðunarmörk fyrir losun á köfnunarefnistvíoxíði til viðbótar mörkunum fyrir heildarlosun á köfnunarefnisoxíði, ef við á. Mörk losunar á köfnunarefnistvíoxíði skulu vera sett við gildi sem endurspeglar frammistöðu fyrirliggjandi tækni.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því m.a. að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 13. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal koma á samsvörunarstuðlum á milli evrópskrar, svipullar lotu (ETC) og evrópskrar prófunarlotu við stöðugar aðstæður (ESC) eins og lýst er í tilskipun 2005/55/EB og svipullar aksturslotu sem er samhæfð á heimsvísu (WHTC) og aksturslotu við stöðugar aðstæður sem er samhæfð á heimsvísu (WHSC) og aðlaga viðmiðunarmörkin samkvæmt því. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því m.a. að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 13. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal stöðugt endurskoða verklagsreglurnar, prófanirnar og kröfunar, sem um getur í 4. mgr. 5. gr., og einnig prófunarloturnar, sem notaðar eru við mælingar á losun.

Leiði endurskoðunin í ljós að þessar verklagsreglur, prófanir, kröfur og prófunarlotur eru ekki lengur fullnægjandi eða endurspeglar ekki lengur raunverulega losun skal þeim breytt þannig að þær endurspeglar á fullnægjandi hátt losunina sem á sér stað við raunverulegan akstur á vegum. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því m.a. að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 13. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða reglulega mengunarefnin í 2. lið 3. gr. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að rétt sé að setja reglur um losun fleiri mengunarefna skal hún leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tillögu að breytingum á þessari reglugerð.

13. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki sem komið var á fót skv. 1. mgr. 40. gr. tilskipunar 2007/46/EB.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.-4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

14. gr.

Framkvæmd

Framkvæmdastjórnin skal samþykka framkvæmdarráðstafanir sem um getur í 3. mgr. 4. gr., 4. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og a- og b-lið 1. mgr. 12. gr. fyrir 1. apríl 2010.

15. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 715/2007

Reglugerð (EB) nr. 715/2007 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 3. mgr. 5. gr. er breytt sem hér segir:
 - i. á eftir h-lið falli orðið „og“ brott,
 - ii. Eftirfarandi liður bætist við:
„j) mælingu á hreyfilafli.“

2. Ákvæði 6. mgr. 14. gr. falli brott.

16. gr.

Breytingar á tilskipun 2007/46/EB

Ákvæðum IV., VI. og XI. viðauka við tilskipun 2007/46/EB er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

17. gr.

Niðurfelling

1. Tilskipanir 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB eru felldar úr gildi frá og með 31. desember 2013.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð.

18. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún gildir frá og með 31. desember 2012. Hins vegar skulu 3. mgr. 8. gr. og 10. gr. gilda frá 7. ágúst 2009 og i-liður a-liðar 1. liðar, i-liður b-liðar 1. liðar, a-liður 2. liðar, i-liður a-liðar 3. liðar, i-liður b-liðar 3. liðar, i-liður c-liðar 3. liðar, i-liður d-liðar 3. liðar og i-liður e-liðar 3. liðar II. viðauka gilda frá 31. desember 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 18. júní 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. Pöttering
forseti.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Š. Füle
forseti.

I. VIÐAUKI

Losunarmörk samkvæmt Euro VI

| | Viðmiðunarmörk | | | | | | | |
|---|----------------|--|------------------|-----------------------------|--|--|---------------------------------|---|
| | CO (mg/kWh) | Heildarmagn vetniskolefna (mg/kWh) | NMHC (mg/kWh) | CH ₄ (mg/kWh) | NO _x ⁽¹⁾ (mg/kWh) | NH ₃ (milljónarhluti (ppm)) | Efnisagna- massi (mg/kWh) | Fjöldi efnisagna ⁽²⁾ (#/kWh) |
| ESC-prófun (CI) | 1500 | 130 | | | 400 | 10 | 10 | |
| ETC (evrópska, svipula lotan) (CI) | 4000 | 160 | | | 400 | 10 | 10 | |
| ETC (evrópska, svipula lotan) (PI) | 4000 | | 160 | 500 | 400 | 10 | 10 | |
| WHSC (aksturslota við stöðugar aðstæður sem eru samhæfðar á heimsvísu) ⁽³⁾ | | | | | | | | |
| WHTC (svipul aksturslota sem er samhæfð á heimsvísu) ⁽³⁾ | | | | | | | | |

Athugasemd:

PI = rafkveikja.

CI = þjöppukveikja.

⁽¹⁾ Skilgreina má leyfilegt gildi fyrir efnisþátt köfnunarefnistvíoxíðs í viðmiðunarmörkum köfnunarefnisoxíðs síðar.⁽²⁾ Skilgreina má staðal fyrir fjölda síðar og eigi síðar en 1. apríl 2010.⁽³⁾ Viðmiðunarmörk fyrir aksturslotu við stöðugar aðstæður sem er samhæfð á heimsvísu og svipullar aksturslotu sem er samhæfð á heimsvísu, sem koma í stað viðmiðunarmarkna fyrir evrópska prófunarlotu við stöðugar aðstæður og evrópsku, svipulu lotuna verða tekin upp síðar, þegar samsvörunarstuðlum að því er varðar núverandi lotur (ESC og ETC) hefur verið komið á, eigi síðar en 1. apríl 2010.

II. VIÐAUKI

Breytingar á tilskipun 2007/46/EB

Tilskipun 2007/46/EB er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum I hluta IV. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) töflunni er breytt sem hér segir:
- i. liðir 40 og 41 falli niður,
 - ii. eftirfarandi liður bætist við:

| Viðfangsefni | Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli | Tilvísun í Stjórnartíðindin | Gildissvið | | | | | | | | | | | |
|--|---------------------------------|---------------------------------------|-----------------|-----------------|----------------|-----------------|-----------------|-----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|--|--|
| | | | M ₁ | M ₂ | M ₃ | N ₁ | N ₂ | N ₃ | O ₁ | O ₂ | O ₃ | O ₄ | | |
| „41a Losun þungra ökutækja (Euro VI)/aðgangur að upplýsingum | Reglugerð (EB) nr. 595/2009 | Stjtið. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1. | X ¹² | X ¹² | X | X ¹² | X ¹² | X ¹² | | | | | | |

iii. eftirfarandi athugasemd bætist við:

„12) Fyrir ökutæki með viðmiðunarmassa sem er meiri en 2 610 kg en sem eru ekki gerðarviðurkennd (að beiðni framleiðanda og svo fremi að viðmiðunarmassi fari ekki yfir 2 840 kg) samkvæmt reglugerð (EB) nr. 715/2007.“

b) eftirfarandi breytingar eru gerðar á töflunni í viðbætinum:

- i. liðir 40 og 41 falli niður,
- ii. eftirfarandi liður bætist við:

| | Viðfangsefni | Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli | Tilvísun í Stjórnartíðindin | M ₁ |
|------|---|---------------------------------|---------------------------------------|-----------------|
| „41a | Losun þungra ökutækja (Euro VI) að undanskildu öllu safni krafna sem varða innbyggð greiningarkerfi ökutækja (OBD) og aðgangi að upplýsingum/aðgangi að upplýsingum | Reglugerð (EB) nr. 595/2009 | Stjtið. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1. | A ¹² |

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á töflunni í viðbætinum við VI. viðauka:

- a) liðir 40 og 41 falli niður,
- b) eftirfarandi liður bætist við:

| Viðfangsefni | Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli | Eins og henni var breytt með: | Gildir um útgáfur |
|--|---------------------------------|-------------------------------|-------------------|
| „41a Losun þungra ökutækja (Euro VI)/aðgangur að upplýsingum | Reglugerð (EB) nr. 595/2009“ | | |

3. Ákvæðum XI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi breytingar eru gerðar á töflunni í 1. viðbæti:

- i. liðir 40 og 41 falli niður,
- ii. eftirfarandi liður bætist við:

| Liður | Viðfangsefni | Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli | $M_1 \leq 2500$ (¹) kg | $M_1 > 2500$ (¹) kg | M_2 | M_3 |
|-------|---|---------------------------------|--|-------------------------------------|-------|---------------------|
| „41a | Losun þungra ökutækja (Euro VI)/aðgangur að upplýsingum | Reglugerð (EB) nr. 595/2009 | G + H | G + H | G + H | G + H ^{cc} |

b) eftirfarandi breytingar eru gerðar á töflunni í 2. viðbæti:

- i. liðir 40 og 41 falli niður,
- ii. eftirfarandi liður bætist við:

| Liður | Viðfangsefni | Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli | M_1 | M_2 | M_3 | N_1 | N_2 | N_3 | O_1 | O_2 | O_3 | O_4 |
|-------|---|---------------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|-----------------|-------|-------|-------|-------|
| „41a | Losun þungra ökutækja (Euro VI)/aðgangur að upplýsingum | Reglugerð (EB) nr. 595/2009 | X | X | X | X | X | X ^{cc} | | | | |

c) eftirfarandi breytingar eru gerðar á töflunni í 3. viðbæti:

- i. liðir 40 og 41 falli niður,
- ii. eftirfarandi liður bætist við:

| Liður | Viðfangsefni | Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli | M_1 |
|-------|---|---------------------------------|-----------------|
| „41a | Losun þungra ökutækja (Euro VI)/aðgangur að upplýsingum | Reglugerð (EB) nr. 595/2009 | X ^{cc} |

d) eftirfarandi breytingar eru gerðar á töflunni í 4. viðbæti:

- i. liðir 40 og 41 falli niður,
- ii. eftirfarandi liður bætist við:

| Liður | Viðfangsefni | Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli | M_2 | M_3 | N_1 | N_2 | N_3 | O_1 | O_2 | O_3 | O_4 |
|-------|---|---------------------------------|-------|-------|-------|-------|-----------------|-------|-------|-------|-------|
| „41a | Losun þungra ökutækja (Euro VI)/aðgangur að upplýsingum | Reglugerð (EB) nr. 595/2009 | H | H | H | H | H ^{cc} | | | | |

- e) eftirfarandi breytingar eru gerðar á töflunni í 5. viðbæti:
- i. liðir 40 og 41 falli niður,
 - ii. eftirfarandi liður bætist við:

| Liður | Viðfangsefni | Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli | Færanlegir krantar í flokki N ₃ |
|-------|---|---------------------------------|--|
| „41a | Losun þungra ökutækja (Euro VI)/aðgangur að upplýsingum | Reglugerð (EB) nr. 595/2009 | V“ |